

**Ed.**

**21. Frumvarp til laga**

**[21. mál]**

um framleiðnilánadeild við Framkvæmdasjóð Íslands.

Flm.: Helgi Bergs, Karl Kristjánsson, Hermann Jónasson, Páll Þorsteinsson,  
Ásgeir Bjarnason, Ólafur Jóhannesson.

**1. gr.**

Stofna skal við Framkvæmdasjóð Íslands lánadeild, sem nefnist framleiðni-  
lánadeild.

**2. gr.**

Tilgangur framleiðnilánadeildar er að veita atvinnuvegunum lán umfram þau,  
sem fáanleg eru hjá stofnlánasjóðum, í því sérstaka augnamiði að bæta framleiðni-  
na með aukinni véltækni, fullkonnara framleiðsluskipulagi og hagræðingu. Ákvæði  
2. gr. laga nr. 66 13. maí 1966, um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og  
Hagráð, ná ekki til deildarinnar.

**3. gr.**

Starfsfé deildarinnar er:

1. Framlag ríkissjóðs, sem skal vera 10 milljónir króna á ári næstu 10 ár, nema  
hærra framlag kunni að verða ákveðið í fjárlögum.

2. Seðlabanki Íslands skal tryggja sölu skuldabréfa, sem Framkvæmdasjóður Íslands gefur út vegna deildarinnar, að upphæð 40 milljónir á ári næstu 10 ár. Bréfin séu til a. m. k. 15 ára, en vextir skulu ákveðnir af ráðherra. Bréfin séu tryggð með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Framkvæmdasjóður Íslands leggur deildinni til  $\frac{1}{4}$  hluta tekjuafgangs síns ár hvert.
4. Lán umfram það, sem um ræðir í 2. tölulið, getur deildin tekið innanlands eða utan, eftir því sem þörf krefur og aðstæður leyfa, allt að 300 milljónum króna. Ríkissjóður ábyrgist slík lán.

#### 4. gr.

Umsóknir um lán úr framleiðnilánadeild skulu sendar Framkvæmdasjóði Íslands.

Þeim skal fylgja:

1. Ýtarleg lýsing á því hvernig verja eigi lánsfénu.
2. Upplýsingar um tryggingar þær, sem umsækjandi getur sett.
3. Rekstrar- og efnahagsreikningur umsækjanda, ef um starfandi fyrirtæki er að ræða.
4. Aðrar upplýsingar, sem umsækjandi telur máli skipta eða sjóðsstjórnin óskar eftir.

#### 5. gr.

Þegar umsókn hefur borizt, skal leita umsagnar Iðnaðarmálastofnunar Íslands og/eða Fiskifélags Íslands eða Búnaðarfélags Íslands, eftir því sem við á, um það, hvort tilgangur umsækjanda með lánsúmsókninni sé í samræmi við tilgang þessara laga.

Að slíkri umsögn fenginni ákveður stjórn sjóðsins, hvort lánið skuli veitt, enda hafi hún áður kannað hag umsækjanda og veðhæfni framboðinna trygginga.

#### 6. gr.

Lán úr deildinni má ekki vera hærra en svo, að það að viðbættum stofnlánnum nemi 90% kostnaðar við þær framkvæmdir og endurbætur, sem lánað er til. Láns tíma ákveður stjórn sjóðsins.

#### 7. gr.

Vextir af útlánum deildarinnar skulu ákveðnir af stjórn Framkvæmdasjóðs með samþykki ráðherra. Höfð skal hliðsjón af vaxtakjörum stofnlánasjóða atvinnuveganna.

#### 8. gr.

Lánin skulu tryggð með veðum í fasteignum, vélum, skipum eða hliðstæðum eignum. Skulu þau veitt gegn 1. veðrétti. Þó er heimilt að veita lán gegn 2. veðrétti, ef á undan eru lán úr Iðnlánasjóði, Stofnlánadeild sjávarútvegsins, Stofnlánadeild landbúnaðarins og/eða Fiskveiðasjóði Íslands. Lán úr framleiðnilánadeild að viðbættum öðrum stofnlánum, sem hafa betri veðrétt, skulu aldrei nema meira en 80% af endurkaups matsverði veðsins að frádregnum eðlilegum fyrningum. Stjórn Framkvæmdasjóðs skal hafa eftirlit með því, að veðum sé vel við haldið og þau séu nægilega vátryggð.

#### 9. gr.

Nánari ákvæði um starfsemi framleiðnilánadeildar má setja með reglugerð.

#### 10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hliðstætt frumvarp þessu hefur tvívegis verið flutt áður, en ekki náð afgreiðslu. Það er tilgangur flutningsmanna með frumvarpi þessu að koma því til

leiðar, að stofnuð verði sérstök lánadeild, sem hafi það hlutverk eitt að stuðla að aukningu á framleiðni atvinnuveganna. Þegar talað er um framleiðni, er venjulega átt við vinnuframleiðni, sem skilgreind er sem hlutfallið á milli nettóvinnsluvirðis og þeirrar vinnu, sem í viðfangsefnið er lögð. Framleiðnin er þannig mælikvarði á þau verðmæti, sem skapast fyrir hverja vinnueiningu. Það er alkunna, að framleiðsluaukning þjóðarinnar á undanförnum árum á ekki nema að nokkru leyti rót sína að rekja til framleiðniaukningar og fólksfjölgunar og sú framleiðniaukning, sem orðið hefur, er á allt of takmörkuðum sviðum. Orsakir framleiðsluaukningarinnar eru öllu frekar hin óvenjulegu aflabrogð og svo hitt, að fólk leggur á sig meiri vinnu en oftast áður. En það er nauðsynlegt að stytta vinnutímann til verulegra muna, og til þess að það geti gerzt án tekjumissis, verður að leggja áherzlu á að auka framleiðnina.

Þær breytingar, sem á undanförnum árum hafa verið gerðar á tollalöggjöf-  
inni, hafa minnkað tollvernd innlands iðnaðar. En í sambandi við þær hafa verið  
boðaðar ráðstafanir til þess að efla samkeppnisgetu iðnaðarins, sem því miður  
hefur orðið bið á. Fyrir nokkrum árum starfaði hér á vegum Efnahags- og fram-  
farastofnunarinnar sérfræðingur ásamt fulltrúum ríkisstjórnarinnar og hagsmuna-  
samtaka iðnaðarins að athugun þeirra vandamála, sem tengd eru aðlögun iðnað-  
arins að minni tollvernd og aukinni samkeppni. Niðurstaða þeirra athugana var  
sú, að gera þyrfti öflugt átak til að auka framleiðni þessara atvinnugreina, og benti  
sérfræðingurinn á ýmsar ráðstafanir, sem gera þyrfti af hálfu hins opinbera til þess  
að greiða fyrir því. Sumt af því hefur að einhverju leyti komið til framkvæmda.  
Efling Iðnlánasjóðsins 1963 og áætlun félagsmálaráðuneytisins um menntun hagræðingarsérfræðinga frá 1964 eru ráðstafanir, sem eru góðra gjalda verðar, svo langt sem þær ná, en það þarf meira til. Af hálfu iðnrekenda hefur sérstaklega verið á það bent, að mikil þörf sé aukinna lána til þess að koma fram þeirri umfangsmiklu skipulagningu iðngreina og fyrirtækja, sem nauðsynleg er, fullkomnari framleiðsluháttum, aukinni véltækni og hagræðingu.

Sú tæknibylting, sem oft er talað um að hafi átt sér stað í fiskveiðum undan-  
farinn áratug, hefur í rauninni aðeins náð til síldveiðanna. Hlutur annarra greina  
fiskveiðanna er eftir, en ljóst er, að þar verður ný tækni að koma til, ef þær eiga  
ekki að dragast aftur úr og jafnvel hverfa.

Á undanförnum árum hefur hraðfrystihúsunum verið veittur styrkur af opin-  
beru fé, sem nefnt hefur verið hagræðingarfé, enda ætlað til hagræðingar, þó að  
því í framkvæmd hafi verið úthlutað sem niðurgreiðslum á fiskverðið. Það er líka  
vitað, að þótt mörg hraðfrystihúsanna hafi haft nægilega góða afkomu til að geta  
notað þetta fé til hagræðingar, þá eru önnur, sem hafa ekki getað það, og þau eru  
ófa. Það hefur einnig komið fram af hálfu forsvarsmanna þeirra, að þeir telja  
mikla þörf á auknu lánsfé í þessu skyni.

Svipuð sjónarmið eiga við í landbúnaði og öðrum greinum, og verður varla  
um það deilt, að í þessum efnum er þjóðinni mikill vandi á höndum, sem enn  
hefur aukizt stórlega við óhagstæða þróun framleiðslukostnaðarins á undanfö-  
rum árum.

Frumvarp þetta miðar að því að skapa nokkurn fjárhagslegan grundvöll fyrir  
þeim stórfelldu umbótum, sem nauðsynlegar eru í þessum efnum.

Gert er samkvæmt 3. gr. frumvarpsins ráð fyrir, að fjár til þessarar lánastarf-  
semi sé aflað með fernu móti:

1. Gert er ráð fyrir, að 100 milljónir króna verði lagðar fram úr ríkissjóði á næstu 10 árum. Hér er um að ræða svo þýðingarmikið verkefni fyrir þjóðar-  
heildina alla, að rétt þykir, að fé sé lagt fram úr ríkissjóði, enda tæplega eðli-  
legt að byggja slíka lánastarfssemi eingöngu á lánsfé.
2. Þá er gert ráð fyrir því, að Seðlabanki tryggji sölu á skuldabréfum að upphæð  
400 milljónir króna á næstu 10 árum. Möguleikar Seðlabankans til þess að tryggja

slika sölu eru margvislegir. Hann hefur undir höndum mörg hundruð milljónir króna af sparifé landsmanna á bundnum reikningum banka og innlánsstofnana, og enn er í gildi heimild handa honum til að binda hluta af spari-fjárukningunni. Flutningsmenn eru andvígir tilgangslausri frystingu spari-fjár þjóðarinnar, en telja á hinn bóginn eðlilegt, að löggjafinn hlutist til um að beina sparifénu í þá fjárfarvegi, þar sem nauðsyn þjóðarheildarinnar fyrir fé er mest. Ákvæði 2. töluliðar 3. greinar er viðleitni í þá stefnu.

3. Þá er gert ráð fyrir, að Framkvæmdasjóður leggi deildinni til hluta af tekju-afgangi sínum.
4. Að endingu er gert ráð fyrir lántöku eftir ástæðum, allt að 300 milljónum króna, með ábyrgð ríkissjóðs.

Frumvarp þetta er óbreytt frá því á síðasta þingi, nema að því leyti, sem leiðir af því, að Framkvæmdabankanum hefur nú verið breytt í Framkvæmdasjóð Íslands. Í fyrra fór frumvarpið til fjárhagsnefndar. Umsóknir bárust frá Iðnaðar-málastofnun Íslands og Búnaðarfélagi Íslands, sem mæltu með samþykkt frum-varpsins, en ekki frá Fiskifélagi Íslands.

Nauðsyn aðgerða í þessa stefnu er nú enn meiri en nokkru sinni fyrr. Dýr-tíðin leggst með vaxandi þunga á allan rekstur og á fyrirtæki landsmanna, og verður að styrkja þau og efla með bættum vinnubrögðum og tækni til að mæta þeim búsiþjum, sem hún veldur þeim.